

Mál nr. 244/2014
M
og V v/slysaftryggingar ökumanns bifreiðarinnar A.

Krafa um bætur fyrir líkamstjón vegna umferðaróhapps 10. febrúar 2010. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. ágúst 2014.
3. Bréf lögmans V dags. 15. september 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M lenti í umferðaróhappi þar sem hann var að fara fram úr bifreið við verzlunina Skagaver á Akranesi. Ekki er ágreiningur um að M sem ökumaður bifreiðar A ber ábyrgð á árekstri við aðra bifreið sem varð í umræddu umferðaróhappi og getur því átt rétt til bóta úr slysaftryggingu ökumanns bifreiðarinnar. Í lögregluskýrslu kemur fram að M kveðst kenna sér eymsla í öxl og hné og farið hafi verið með hann á sjúkrahús til skoðunar en hann útskrifaður þaðan eftir skoðun. Í málinu liggur einnig fyrir áverkavottorð sem staðfestir komu M á sjúkrahús þann 10. febrúar 2010. Niðurstaða skoðunar sem þar var framkvæmd var sú að M hefði tognað á öxl. Í vottorðinu kemur fram að M hafi ekki eftir þetta leitað til læknis á sjúkrahúsinu vegna þessa tiltekna áverka en lítillaga er lýst öðrum áverkum sem hann hafði leitað til sjúkrahússins vegna bæði fyrir og eftir 10. febrúar 2010. Einnig liggur fyrir vottorð frá kírópraktor dags. 15. apríl 2014 þar sem kemur fram að M hafi leitað til hans vegna „óbærilegra“ verkja í baki og hafi meðferð átt sér stað í 64 skipti vegna þessa.

V taldi fyrst um sinn að tilkynning M um slys sem barst V 19. desember 2013 hefði verið of seint fram komin í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 en í bréfi V dags. 21. ágúst 2014 kom fram að félagið hefði skipt um skoðun og bæri ekki fyrir sig að tjónið hefði ekki verið tilkynnt innan tilkynningarfrést umrædds ákvæðis. Lögmaður M var upplýstur um þessa breytingu á afstöðu félagsins og svaraði hann með bréfi dags. 15. september sl.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns vegna afleiðinga slyssins og telur að með upplýsingum úr gögnum málsins sé sýnt að hann hafi hlotið líkamstjón í umræddu umferðarslysi og sannað sé að þau atvik séu ástæða óþæginda M í dag en hann hafi leitað til kírópraktors vegna þeirra á árinu 2012. Upplýsingar í lögregluskýrslu, læknisvottorði og vottorði kírópraktors staðfesti það.

V telur hins vegar að með umræddum gögnum sé ekki nægilega leitt í ljós að líkamstjón það sem M hlaut í umræddu umferðaróhappi geti verið ástæða óþæginda hans nú eða að umferðaróhappið hafi leitt til einkenna sem hægt sé að telja varanleg. Upplýsingar í samtímagögnum um áverka passi ekki saman við einkenni M nú og því verði ekki viðurkennt að M hafi sýnt fram á líkamstjón vegna umrædds óhapps.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort færð hafi verið fram nægilega skýr sönnunargögn um líkamstjón það sem M kveðst hafa orðið fyrir með umferðaróhappi á árinu 2010. M ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem hægt er að meta til annað hvort tímabundinna eða varanlegra afleiðinga. Í gögnum málsins eru heldur rýr sönnunargögn um afleiðingar umferðaróhappsins, M leitar einungis til læknis sama dag og óhappið varð en ekki fyrr en um 2 árum seinna til kírópraktors. Þar lýsir hann einkennum sem ekki verður með skýrum hætti séð að tengist umræddu umferðaróhappi m.t.t. greiningu í áverkavottorði á tognun á öxl. Verður því ekki

séð að M hafi fært fram nægilega skýr sönnunargögn um líkamstjón vegna umferðaróhapps þann 10. febrúar 2010.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.